

Nd.

## 152. Tillaga

til þingsályktunar um sölu og afnotagjald viðtækja.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson og Bjarni Ásgeirsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina:

- 1) Að sjá um, að Viðtækjaverzlun ríkisins gefi kaupendum, sem þess óska, kost á að greiða andvirði viðtækja á allt að þrem árum.
- 2) Að sjá um, að hið árlega afnotagjald af viðtækjum lækki eftir því, sem afnotagjaldendum í hverju bæjar- eða sveitarfélagi fjölgar, á þann hátt, sem hér segir:

Meðan tala notenda, sem afnotagjald greiða í bæjar- eða sveitarfélagi, er lægri en 4 af hverjum 100 íbúum í því bæjar- eða sveitarfélagi, sé afnotagjaldið 30 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en 4, en lægri en 6 af hverjum 100 íbúum, sé afnotagjaldið 25 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en 6, en lægri en 8 af hverjum 100 íbúum, sé afnotagjaldið 20 kr. á ári. Þegar tala notendanna er hærri en sem svarar 8 af hverjum 100 íbúum í bæjar- eða sveitarfélaginu, sé afnotagjaldið 15 kr. á ári.

### Greinargerð.

Það er almennt viðurkennt, að útvarpið er hið mesta menningarmál og samhliða því hagsmunamál, sérstaklega fyrir sveitirnar. Í því sambandi viljum við sérstaklega benda á það, hvers virði veðurskeyti geta verið fyrir bónda um sláttinn. Það er því nauðsyn, að þing og stjórn greiði fyrir því, að það breiðist sem víðast og fljótast út. Þingsályktunartillagan fer í þá átt, að svo verði. Það virðist til hagsmuna bæði útvarpsnotendum og ríkinu. Á þeim krepputímum, sem nú standa yfir, ber nauðsyn til að létta fyrir mönnum um greiðslu á viðtækjum.

Nánar í framsögu.